

Ed.

192. Nefndarálit

[106. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er lagt til, að hinn almenni söluskattur verði hækkaður úr 5½% af andvirði seldrar vöru, verðmæta og þjónustu í 8%, en það hefur í för með sér hækkun skattsins skv. áætlun fjárlaga úr 677.4 millj. kr. í 984.9 millj. kr., eða um 307.5 millj. kr. Fyrr á því ári, sem nú er senn liðið, var þessi sama skattheimta hækkuð úr 3% í 5½%. Heildarhækkun þessa illræmda skatts nemur því á einu og sama árinu hvorki meira né minna en 167%, eða 652 millj. kr., miðað við ársinnheimtu. Raunveruleg hækkun skattgreiðenda er þó miklu meiri vegna þess stórkostlega skattþjófnaðar, sem viðgengst í sambandi við innheimtu skattsins gegnum öll viðskipti í landinu.

Þeim 307.5 millj. kr., sem þannig á að innheimta af almenningi ofan á allar aðrar skattahækkanir núv. ríkisstjórnar, á samkv. því, sem segir í grg. frv., að verja þannig:

1. Til útgjalda ríkissjóðs umfram það, sem áætlað er í fjárlagafrv. 55 millj. kr.
2. Vegna niðurgreiðslna vöruverðs á árinu 1964 68 — —

3. Vegna niðurgreiðslna 1965 207 millj. kr.
 4. Til útgjaldaaukningar ríkissjóðs, sem leiðir af hækkun kaup-
 gjalds vegna söluskattshækkunarinnar 42 — —

Frá þessu dregst svo önnur tekjuöflun, sem fyrirhuguð er, og hækkun á áætluðum tekjuliðum fjárlaga, alls að upphæð 65 millj. kr., þannig að eftir standa 307.5 millj. kr.

Þegar athuguð er ráðstöfun hinnar fyrirhuguðu skattheimtu, sést strax, að 42 millj. kr. útgjaldaaukning stafar beint af skattheimtuaðferðinni sjálfri. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að verja 68 millj. kr. til þess að mæta útgjöldum ársins 1964 vegna niðurgreiðslna, en því hafði verið yfir lýst í sambandi við samninga ríkisstjórnarinnar og verkalýðssamtakanna 5. júní s. l., að engar álögur yrðu á lagðar vegna aukinna niðurgreiðslna á því ári. Ósannað er einnig með öllu, hvort afkoma ríkissjóðs á árinu 1964 réttlætir á nokkurn hátt slíkan bakreikning, allra sízt ef tillit er tekið til greiðsluafgangs ríkissjóðs á síðustu árum, greiðsluafgangs, sem að litlu hefur verið ráðstafað.

Miðað við fjárlagafrv. fyrir 1965 getur hin raunverulega tekjuþörf fyrir það ár því aldrei farið fram úr 197 millj. kr., ef staðið er við gefnar yfirlýsingar varðandi tekjuöflun til niðurgreiðslna 1964 og skattheimtuaðferðin leiðir ekki af sér nýja skatta. Það er svo eindregin skoðun undirritaðs, að einnig þessa skattheimtu mætti auðveldlega forðast og þar með firra þeim vanda, sem ef henni mun leiða. Kemur í því efni til greina eftirfarandi:

1. Að hækka mætti tekjuáætlanir fjárlaga.
2. Að spara mætti í útgjöldum ríkissjóðs.
3. Að verja mætti greiðsluafgangi árána 1962 og 1963, en af honum er nú óráðstafað 220 millj. kr., til þess að mæta fjárþörfinni, ef fyrir hendi væri.

Með tilliti til þessara möguleika hlýtur undirritaður að dæma skattheimtu þá, sem hér er fyrirhuguð, óþarfa með öllu, og er sú ástæða ein fullnægjandi til algerrar andstöðu við frv. þetta, en margt annað kemur þar einnig til og þó einkum eftirfarandi:

1. Valin er sú skattheimtuaðferð, sem í alla staði er andstæðust hagsmunum hinna verst settu í þjóðfélaginu, óhagstæðust heilbrigðum atvinnurekstri og hættulegust efnahagsþróuninni í landinu.
2. Með frv. og ráðstöfunum, sem standa í beinu sambandi við það, og afgreiðslu fjárlaga er hagar útflutningsatvinnuveganna stórlega skertur og möguleikar þeirra til þess að standa undir eðlilegum og óhjákvæmilegum kjarabótum og launa-hækkunum þar með rýrðir á hinn freklegasta hátt. Er hér ekki einasta um að ræða 3% útgjaldaaukningu vegna hækkaðra launa í krónutölu, sem þó kemur verkafólki að engu til góða, heldur einnig það, að fiskiðnaðurinn í landinu er sviptur þeirri aðstoð, sem honum var veitt fyrir á þessu ári og nam 95 millj. kr., sem nú eru hrifsaðar til almennrar eyðslu ríkissjóðs. Svarar þessi breyting á hag fiskiðnaðarins til þess, að kaupgjald hefði verið hækkað um 20—25%.

Með þessum aðgerðum er því að því stefnt að hindra eðlilega samningagerð milli atvinnurekenda og verkalýðssamtaka á næsta vori. Frv. er því hreint kauplækkunarfrumvarp. Auk þess er sú mikla almenna verðlagshækkun, sem af samþykkt þess mundi óhjákvæmilega leiða, sérstaklega til þess fallin að ýta af stað nýrri verðbólguöldu, sem enginn fær nú séð fyrir, hvenær hníga muni.

Á s. l. vori gerðu verkalýðssamtökin, ríkisstjórnin og atvinnurekendur með sér viðtækt samkomulag um eins ár vinnufrið. Grundvöllur þess samkomulags var gagnkvæmt traust viðsejendanna á fullum heilindum þeirra í því að vinna gegn verðbólgunni og þeim margvíslegu vandamálum, sem hún hefur skapað í þjóðfélaginu um langt skeið. Verkalýðssamtökin teygðu sig langt til þess að ná þessu samkomulagi og féllu m. a. frá kröfum sínum um beinar kauphækkunir í því trausti, að verðstöðvunarstefnu yrði framfylgt af ríkisstjórninni og að í kjölfar hennar gætu síðan fengizt fram eðlilegar og raunhæfar kjarabætur, eftir samfellt 5 ára tímabil verðbólgu og kjaraskerðinga.

Nái þetta frumvarp fram að ganga, er þessum grundvelli júnísamkomulagsins rift af hálfu ríkisstjórnarinnar og flokka hennar, og er þó samkomulagstíminn nú aðeins hálfnaður. Er ábyrgð þeirra, sem að slíku standa að þarflausu, vissulega mikil.

Tvímælalaust hefði ríkisstjórninni borið, ef hún hefði viljað vernda júnísamkomulagið og ef hún hefði haft áhuga fyrir áframhaldandi friðsamlegri sambúð við verkalýðshreyfinguna, að leita samninga við alþýðusamtökin um þá þætti efnahagsmálanna, sem þau varða sérstaklega. Slíkt hefur ekki verið reynt. Þetta verðhækkunar- og kauplækkunarfrumvarp er borið fram verkalýðssamtökunum að óvörum og að þeim forspurðum, og verður ekki séð, hverju slíkt sætir eða hverju slíkt þjónar öðru en því að spilla friði og samstarfi um kjaramálin.

Ekki verður betur séð en ríkisstjórnin standi nú á mikilvægum tímamótum varðandi alla þróun efnahagsmálanna á næstu tímum og þá um leið varðandi afstöðuna til verkalýðssamtakanna og kjaramála vinnustéttanna. Tveggja kosta er völ. Annar er sá að reyna enn á ný leið verðbólguþefnunnar, verðhækkunastefnunnar og stríðsstefnunnar gegn alþýðusamtökunum. Hinn er að þrautreyna leið samstarfs og samvinnu um vandamálin, sem við er að etja. Sú leið stendur ríkisstjórninni enn opin. Alþýðusamtökin hafa nú með sérstakri samþykkt Alþýðusambands Íslands enn á ný boðið ríkisstjórninni inn um opnar dyr þeirrar leiðar. Rök eru því engin fyrir því að þvinga fram, í fullri andstöðu við almennasamtökin, slíka lagasetningu um verðbólguáðgerðir, sem þetta frumvarp boðar. Þess vegna ber ríkisstjórninni að draga þetta frumvarp til baka nú og reyna samningaleiðina. Beri hún hins vegar ekki gæfu til að fara þá leiðina, ber Alþingi að taka af henni ráðin og fella frumvarpið.

Alþingi, 18. des. 1964.

Björn Jónsson.